

639. fundur haldinn föstudaginn 19. júlí 2002 kl. 10:00
Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík

Mætt:

Einar Kristinn Guðfinnsson, formaður
Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður
Steinn Lárusson, fulltrúi SAF
Anna Sverrisdóttir, varafulltrúi SAF
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Helgi Pétursson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Magnús Oddsson, ferðamálastjór

1. Fundargerð 638. fundar

Afgreiðsla: Samþykkt

2. Bréf Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar

Í bréfinu er óskað skýringa á breytingum á starfsemi ráðsins í Evrópu.

Afgreiðsla: Tillaga ferðamálastjóra að svari samþykkt.

3. Erindi Alþingis

Borist hafa tvær beiðnir um umsagnir frá Alþingi. Annars vegar um tillaga að þingsályktun um vestnorrænt samstarf og íslenska nærsvæðastefnu, 49. mál og hins vegar tillaga um þjónustugjald á fjölsóttum náttúruverndarsvæðum.

Afgreiðsla: Fyrir lágu tillögur að svörum og voru þær samþykktar með nokkrum breytingum.

4. Tillaga Péturs Rafnssonar (Frestað frá síðasta fundi)

Tillagan er um stofnun vinnuhóps vegna fjáröflunar fyrir ferðamál.

Afgreiðsla: Samþykkt að ræða málið á næsta fundi ráðsins.

5. Ferðamálaráðstefnan 2002

Afgreiðsla: Ráðstefnan verður í Stykkishólmi 17. október og verður aðalþema hennar svæðaskipting landsins með tilliti til uppbyggingar ferðaþjónustu

6. Önnur mál

a) Formaður vakti athygli á vandræðum hvaða varðar mismunandi vísbendingar sem eru um fjölda erlendra ferðamanna á árinu.

Afgreiðsla: Samþykkt að mynda starfshóp Ferðamálaráðs sem markaðsstjóri stýri til að fara í saumana á málinu. Kallaðir verði til samstarfs allir hlutaðaeigandi aðilar.

b) Lögð fram til kynningar aðgerðaráætlun vegna skýrslu um menningartengda ferðaþjónustu. Samgönguráðuneytið hefur óskað eftir umsögn um aðgerðaráætlunina.

Afgreiðsla: Samþykkt að taka málið fyrir á næsta fundi ráðsins.

c) Lagt fram bréf frá Golfsambandi Íslands þar sem óskað er samstarfs um ráðstefnu í haust varðandi golf og ferðaþjónustu

Afgreiðsla: Samþykkt.

Næsti fundur var ákveðinn mánudaginn 16. september kl 10:00 á Hótel Ísafirði. Um er að ræða heilsdagsfund þar sem m.a. verði rædd: fjármál, kannanir og rannsóknir, aðgerðaráætlun í menningartengdri ferðaþjónustu o.fl. Þá verði ferðaþjónustuaðilar á svæðinu boðaðir til fundar kl 17.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 11:30